

Tillaga til þingsályktunar

um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóði.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram lagafrumvarp fyrir lok ársins 2024 þess efnis að staðgreiðsla skatta fari fram við innborgun í lífeyrissjóð en ekki við útgreiðslu lífeyrissparnaðar. Þeim fjármunum sem breytingin skilar ríkissjóði skuli varið í þágu aukinnar velferðar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (77. mál) en náði ekki fram að ganga. Tillagan er nú endurflutt óbreytt.

Á síðustu árum hafa eignir lífeyrissjóðanna stóraukist og námu um 6.950 milljörðum kr. í lok júní 2023 samkvæmt upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands. Inngreiðslur í samtryggingarsjóði eru um 290 milljarðar kr. á ári. Árið 2000 námu eignir lífeyrissjóðanna um 80% af vergri landsframleiðslu en árið 2022 var hlutfallið komið í 180% samkvæmt hagtölum lífeyrissjóða sem birtast á vef Landssamtaka lífeyrissjóða, lífeyrismál.is. Það er áhyggjuefni hve mikil umsvif lífeyrissjóða eru í íslensku viðskiptalífi. Stjórnir þeirra eru skipaðar fulltrúum verkalýðsfélaga og atvinnulífsins sem síðan skipa stjórnarmenn til að sitja fyrir hönd sjóðanna í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðirnir eiga hlut í. Þannig eru tengslin á milli eigenda fjármagnsins (sjóðfélaga) og þeirra sem annast fjárreiður lífeyrissjóða lítil sem engin. Útkoman er sú að stór hluti íslenskra fyrirtækja er í eigu óvirkra aðila sem starfa samkvæmt lögbundinni ávöxtunarkröfu en ekki vilja sjóðfélaga. Undanfarin ár hafa lífeyrissjóðir sætt gagnrýni fyrir að fjárfesta í áhættusömum fyrirtækjum, greiða stjórnarmönnum ofurlaun og styðja viðskipti sem sjóðfélögum blöskrar. Með því að greiða skatta af iðgjöldum við innlögn í lífeyrissjóði má sporna við því að lífeyrissjóðir verði óeðlilega stórir miðað við stærð hagkerfisins.

Fjármuni skortir til að ráðast í nauðsynlegar úrbætur á íslenska velferðarkerfinu. Heilbrigðiskerfið stendur á brauðfótum, bætur almannatrygginga duga ekki til framfærslu og bilið milli hinna ríku og hinna fátæku eykst ár frá ári. Því er nauðsynlegt að auka tekjur ríkissjóðs og nýta þær í þágu fólksins. Skattlagning við innlögn í lífeyrissjóð í stað útgreiðslu er sársaukalaus leið til að stóraka tekjur ríkissjóðs og gerir okkur kleift að styrkja velferðarkerfið án þess að skerða ráðstöfunartekjur almennings.

Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi eru iðgjöld í lífeyrissjóði og mótframlög vinnuveitenda ekki skattlögð. Þess í stað eru greiðslur úr lífeyrissjóðum til lífeyrisþega skattlagðar. Þannig er skattlagningu þeirra fjármuna sem mynda stofn lífeyrissparnaðar frestað þar til kemur að útgreiðslu þeirra. Ávöxtun lífeyris er ekki áhættulaus og hefur borið við að lífeyrissjóðir skili verulegu tapi. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkissjóður sækir skatttekjurnar

í upphafi og geti því ráðstafað þeim á eigin forsendum í stað þess að treysta lífeyrissjóðum til að ávaxta féð.

Eðli málsins samkvæmt lækkar það fjármagn sem streymir inn í lífeyrissjóðina um það sem nemur staðgreiðslunni verði breytingin að veruleika. Á móti kemur að ekki greiðist skattur þegar sá sparnaður er leystur út og því hefur breytingin ekki í för með sér hlutfallslega rýrnun á ávöxtun lífeyrissjóða.

Miðað við greiðslur í lífeyrissjóði á árinu 2022 og 36% skatt mundi staðgreiðsla við innborgun skila ríkissjóði og sveitarfélögum samtals rúmum 100 milljörðum kr. árlega. Samþykkt þessarar tillögu mundi því veita þjóðinni einstakt tækifæri til úrbóta. Það er þörf á aukinni fjárfestingu í velferð og því er brýnt að ríkið nýti auknar tekjur vegna staðgreiðslu við innborgun í þágu þeirra sem mest þurfa á aðstoð að halda. Efla þarf rekstur heilbrigðiskerfisins og fjölga dvalar- og hjúkrunarrýmum. Átaks er þörf til að auðvelda atvinnuþátttöku öryrkja. Það mundi leiða til þess að fleiri kæmst aftur inn á vinnumarkað og skiluðu ríkissjóði enn auknum skatttekjum. Draga þarf úr skattbyrði láglaunafólks og lífeyrisþega og auka ráðstöfunartekjur þeirra. Þá mundu líkurnar minnka á að fólk þyrfti að fjármagna neyslu með skuldsetningu og festist í fátæktargildru. Grundvallarforsenda þessarar tillögu er að auknir fjármunir hins opinbera verði nýttir í þágu fólksins.